

## Fundargerð

Fundur í ÍTN 18. feb. 2010 í Veri.

Fundur settur kl. 16:10.

Mættir: Linda Pehrson, Sóley Vifilsdóttir, Heiðrún Óladóttir, Hilma Steinarsdóttir og Einar Guðmundur Þorláksson.

### ***Til upplýsingar.***

#### *Brunavarnir*

Verið er að yfirfara brunavarnir í íþróttahúsi og félagsheimili. Varanlegar brunavarnir í félagsmiðstöð bíða þess að ákvörðun verði tekin um hvar hún á að vera til húsa. Verði ákveðið að hafa starfsemina áfram á sama stað verður brunavörnum komið í lag.

Eypór er að vinna í að fá fjármagn til að festa kaup á hjartastuðtæki.

Skoða þarf launamál í vinnuskólanum en launin þar þykja í lægri kantinum.

Undirbúningur Kátra daga er kominn á fullt skrið 3 fundur hafa verið haldnir í nefndinni - margir aðilar hafa haft samband og búið að sækja um ýmsa styrki.

### *Til umfjöllunar.*

1. Hugmynd um að breyta starfi æskul- og menningafulltrúa í starf menningar- og ferðamálafulltrúa og búa til starf æskulýðs- og tómsundafulltrúa sem yrði 50% starf.

Nefndin telur það afturför að fara með stöðu þess sem vinnur að æskulýðsmálum í 50% með tilliti til mikilvægis starfsins. Ef starfið á að vera metnaðarfullt og árangursríkt teljum við 75% starfshlutfall algert lágmark. Við teljum enn fremur að erfitt verði að fá starfsmann í 50% stöðu. Þar sem um er að ræða nýjar stöður álitum við að nauðsynlegt sé að auglýsa báðar stöðurnar á opinberum vettvangi.

2. Hljóðfæri Svartholsins sem flutt voru upp í tónlistarskóla.

Tónlistaráhugi unglinganna virðist vera að aukast og telur nefndin eðlilegast að hljóðfærin séu staðsett í félagsmiðstöðinni. Tónlistarskólinn gæti haft aðgang að hljóðfærunum í félagsmiðstöðinni.

Fundi slitið kl. 17:00.